

Tillaga	A 1996/UVU
Flytjandi	Norrænt frelsi
Afgreiðsla	Norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin

## A 1996/UVU Þingmannatillaga um jöfn kjör vinnuferðalanga

Norrænt frelsi leggur til að Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

að tryggja að fólk sem ferðast milli landa vegna vinnu á Eyrarsundssvæðinu og annars staðar á Norðurlöndum njóti sama verðs og ferðalangar innan landamæra viðkomandi lands

### Bakgrunnur

Í dag samanstendur Eyrarsundsbrúin af mjög mörgum gjaldsvæðum fyrir fólk sem ferðast milli Svíþjóðar og Danmerkur, sem þýðir að ferð frá Malmö til Kaupmannahafnar eða Kastrup-flugvallar er þrisvar sinnum dýrari en ferð af samsvarandi lengd innan Svíþjóðar eða Danmerkur. Eyrarsundsbrúin, sem ætlað er að tengja svæðið saman, er þess í stað stjórnsýsluhindrun – einnig miðað við verð hraðbáta og ferja áður fyrr. Auk þess hefur brúin svo gott sem verið greidd upp.

Norrænt frelsi óttast að hin háu verð standi í vegi fyrir upprunalegu markmiði Eyrarsundssvæðisins; að skapa lifandi drifkraft vaxtar í suðurhluta Norðurlanda.

Norrænt frelsi mælir í ljósi þessa með því að:

- Norræna ráðherranefndin geri greiningu á kjörum fólks sem ferðast til og frá vinnu yfir landamæri
- Norræna ráðherranefndin meti áhrif verðskipulagsins á áhuga fólks til að leita að starfi í nágrennalandi
- Norræna ráðherranefndin setji á laggirnar verkefni sem jafnar kjör vinnuferðalanga og annarra ferðalanga

Maríuhöfn, 16. september 2024

Juho Eerola (saf)  
Angelika Bengtsson (SD)  
Pia Sillanpää (saf)  
Victoria Tiblom (SD)  
Minna Reijonen (saf)

Ann-Christine Utterstedt (SD)  
Joakim Vigelius (saf)  
Staffan Eklöf (SD)  
Mikkel Bjørn (DF)

